

Nd.

832. Frumvarp til laga

um breyting á lögum nr. 6 1935, um tekjuskatt og eignarskatt.

(Eftir 3. umr. í Ed.)

1. gr.

Síðari málsgr. 43. gr. laganna orðist svo:

Svo skulu og formenn skattanefnda og skattstjórar, hver í sínu umdæmi, gefa hagstofunni skýrslu í því formi, sem hún ákveður, um búnaðarástandið ár hvert, þar á meðal um heyfeng o. fl., samkvæmt framtali búenda, sem nákvæmlega sé tilgreint, einnig að því er þetta varðar, í landbúnaðarskýrslu þeirra til skattálagningar, enda fellur þá niður skylda til skýrslugerða um þetta efni, sem 3. gr. laga nr. 29 8. nóv. 1895 gerir ráð fyrir.

Ef framtali á því, er setja ber á landbúnaðarskýrslu, er útbótavant eða skortir með öllu, skal úr því bætt með áætlun skattanefndar.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.